

telja megi öruggan og arðvænlegan hverju sinni í samráði við framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands.

Endurskoðendur Ferðafélags Íslands annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins og meirihluta stjórnar Ferðafélags Íslands.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fé hans og aðrar eignir renna óskiptar til bókastofu Páls Jónssonar í Safnahúsi Borgarfjarðar, Borgarnesi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júní 1996.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 344

12. júní 1996

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafafé og skólagjöld að upphæð kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti skólagjalda samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57, 1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105, 1990, auk gjafa til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru því sem stjórn sjóðsins telur skólanum til hagsbóta. Vöxtum og öðrum tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.

## 6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

## 7. gr.

Skólameistari sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

## 8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

## 9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

## 10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

## 11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.*

F. h. r.

**Jón Thors.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Flateyrarhrepps,  
Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps,  
Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps.**

## 1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Ísafjarðarbær.

## 2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 19. júní 1996.*

**Páll Pétursson.**

---

*Sesselja Árnadóttir.*